

**Ed.**

**548. Nefndarótt**

um frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta nokkuð og átt tal við vegamálastjóra um það. Kom það fram í því viðtali, að hann taldi nauðsynlegt að endurskoða vegalögin frá 1907 í heild sinni, og þá væri sanngjarnnt að gera þær breytingar á þjóðvegum meðal annars, sem frumv. þetta fer fram á. Var nefndin honum sammála um það.

Nefndinni virtist því liggja nærri að láta þetta frv. biða þessarar endurskodunar, þar sem fje væri ekki nú fyrir hendi til vegagerða eða framkvæmda á þessu svæði, en sá hins vegar ekkert á móti því, að frv. verði samþykkt til bráðabirgða, og vildi því ekki í heild sinni leggja á móti því, að það næði fram að ganga, þar sem hún er samþykk því að efni til.

Alþingi, 4. maí 1923.

Jón Magnússon,  
form.

Guðm. Guðfinnsson,  
frsm. og ritari.

Hjörtur Snorrason.

Sigurður H. Kvaran.

Einar Arnason.